



Reykjavík, 13. maí 2019

Efni: Fjármálaáætlun 2020 -2024

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024.

SFS leggja áherslu á að þær stofnanir ríkisins sem tengjast sjávarútvegi geti sinnt hlutverki sínu. Til þess þurfa fjárveitingar til þeirra að vera í samræmi við skyldur. SFS telja það hlutverk ríkisins að fjármagna starfsemi þessara stofnana án þess að varpa kostnaði vegna þjónustu og eftirlits yfir á atvinnugreinina í formi sérstakrar gjaldtöku, sbr. meðal annars lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Hér skal einnig bent á það sem fram kemur í lögum um veiðigjald nr. 74/2012, 2. gr.: „*Veiðigjöld eru lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu...*“ Hér er beinlínis kveðið á um að veiðigjaldi er ætlað að mæta þessum kostnaði og því ótækt að verið sé að innheimta sérstaklega og í verulegum mæli fyrir þá þjónustu sem sjávarútvegurinn sækir til stofnana ríkisins sem sinna þjónustu við sjávarútveginn.

Miðað við þarfir sjávarútvegsins má segja að starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé komin í öngstræti. Hafa ber í huga að nýting sjávarauðlindar og tækifæri til sölu afurða á bestu útflutningsmörkuðum gera miklar kröfur til hafrannsókna og vísinda. Viðvarandi fjárskortur og mannekla hefur, það sem af er þessari öld, leitt til samfellds samdráttar í rannsóknnum á sviði vistfræði, haffræði og skyldra greina. Vöktun nytjastofna hefur eðlilega haft forgang að fjármunum. Það er nýjast í þessum efnum, samkvæmt upplýsingum SFS, að ekki mun áformað að fara í rækjurall árið 2019 vegna fjárskorts. Rækjurall er sú stofnmæling og vöktun sem ráðgjöf um úthafsækjuveiðar hefur einkum byggst á í áratugi. Þessi staða er alvarleg. Þá hefur forstjóri Hafrannsóknastofnunar nýverið sagt að miðað við óbreytta fjármálaáætlun þurfi að draga verulega úr rekstri stofnunarinnar, minnka úthald rannsóknarskipa og segja upp starfsfólki.

Á sama tímabili hafa umhverfisaðstæður á Íslandsmiðum breyst með þeim hætti að streymi hlýsjávar kringum landið hefur þungst hlutfallslega. Nú teygir hlýsjávarsvæðið sig langt norður og vestur fyrir landið þar sem áður var kaldari sjór. Þessi breyting hefur þegar haft víðtækar afleiðingar fyrir lífríkið, t.d. á útbreiðslu loðnu, ýsu og fleiri tegunda til norðurs, auk þess sem þekkt sambönd, sem áður höfðu verið metin, þarfnast nú endurmats við breyttar aðstæður. Á sama tíma hafa stórir nytjastofnar uppsjávarfiska gengið inn á Íslandsmið – síld, kolmunni og makrill. Af þeim sökum



verður að gera kröfur um verulega auknar rannsóknir af ýmsum ástæðum, bæði tengdum samningum um hlut Íslands úr viðkomandi stofnum og þörfum vegna stofnmats og rannsókna á áhrifum þessara fiska á fæðuvefinn og vistkerfin á svæðinu. Þetta leiðir síðan til kostnaðarsams úthalds rannsóknarskipa. Sömu sjónarmið eiga við um loðnurannsóknir og loðnumælingar alveg sérstaklega, eins og glögglega hefur komið í ljós á undanförunum árum, og aldrei skýrar en einmitt veturinn 2019 þegar loðnuútgerðirnar stóðu sjálfar að og kostuðu að verulegu leiti loðnuleit og loðnumælingu í samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Til viðbótar má nefna alþjóðlegar kröfur almennt um varúðarleið við stjórn fiskveiða og vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða. Á báðum þessum sviðum vantar talsvert upp á að brýnni rannsókna- og kynningarþörf sé mætt. Jafnframt ber að nefna að rannsóknir á nýtingu fjölmargra minni fiskistofna hafa ekki verið stundaðar með ásættanlegum hætti.

Sérstaklega ánægjulegt er að nýtt hafrannsóknarskip verði smíðað. Með tilkomu þess má búast við því að hægt verði að efla rannsóknir í þágu lífríkis og auðlinda að einhverju marki. Engu að síður þarf að huga enn betur að skipakosti Hafrannsóknastofnunar og rekstrarfyrirkomulagi hans.

* * *

Að fyrrgreindu virtu er þeim tilmælum beint til löggjafans að endurskoða fjárveitingar til lykilstofnana sjávarútvegs.

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdir á síðar stigum.

Virðingarfyllt,
f.h. SFS


Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri

